

Óður til Reykjavíkurborgar, byggður á samtölum við vegfarendur.

Skotlisti og tökuplan.

Gert er ráð fyrir að tükur fari fram í næstu viku, allar á sama degi. Dagurinn verður valinn eftir veðurspá, því til að mannlífið í Reykjavík njóti sín til fullnustu, þarf helst veðrið að vera gott. Þar sem sólaruppkoman og sólarlagið marka upphaf og endi myndarinnar og dagsbirtan skiptir máli varðandi allar tükur, þá er skotlistinn einnig tökuplanið. Ég geri ráð fyrir að stilla myndavélinni uppá þrífót og taka löng skot þar sem myndavélin verður lítið hreyfð.

Skot 1. Í næstu viku er sólarupprás í Reykjavík á tímabilinu 9:36-9:57. Fyrsta skot verður á Gufuneshöfða, morgunn einn í næstu viku þegar veðurspá er góð. Ég fer út klukkan 9 og stilli myndavélinni upp á þrífótinn og beini henni í austurátt. Ég byrja að mynda áður en sólin rís og næ vonandi dagrenningunni. Ég ætla að reyna að mynda sólina beint og nota það skot til að klippa á móti umferðaljósum sem ég tek í næstu töku. Klukkan 10:15 lýkur tükum á þessum skotstað.

Skot 2. Brúin yfir Miklubraut á móts við Kringluna, klukkan 10:30. Ég ætla að mynda umferðina sem rennur eftir Miklubraut úr austurátt. Straumurinn bílanna og fólksins er á leiðinni í miðbæ Reykjavíkur. Ég ætla að reyna að taka skýra mynd af billjósum og klippa þann ramma út frá sólinni í skoti 1.

Skot 3. Af brúnni yfir Miklubraut ætla ég að beina myndavélinni að mér og segja nokkur orð um Reykjavíkurborg. Borgin er gestgjafi minn því þó ég hafi búíð þar lengst af minni ævi, þá er ég fædd og uppalin annars staðar og því ávalt gestur í borginni. Þetta skot verður tekið um klukkan 11.

Skot 4. Næsta skot verður af ljóðskáldi sem fer með ljóð sitt um birtu og mannlíf. Myndatakan verður á þeim stað sem skáldið velur sér. Væntanlega verður það staður sem viðkomandi þykir væntu um og líður vel á. Morgun- og hádegisbirtan þarf að umvefja þennan ljóðaflutning. Gert er ráð fyrir að þetta skot fari fram á tímabilinu 11:30-12:30.

Skot 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11 og 12. Næstu tükur verða í hjarta Reykjavíkur, miðbænum og þar verða nokkrir vegfarendur teknir tali og þeir spurðir hvað þeim líki við Reykjavíkurborg. Erfitt er að skipuleggja þessar tükur, það verður bara að koma í ljós hvernig þær verða. Þessi skot fara fram á tímabilinu frá klukkan 13:00 til klukkan 17:30.

- **Skot 5.** Myndavélin verður sett í skotstöðu á Grettisgötunni og vegfarandi þar tekinn tali. Þetta verður tekið á tímabilinu 13:00-14:00. Skotið af vegfarandanum er númer **6**.
- **Skot 7.** Þetta skot verður tekið við Tjörnina í áttina að Ráðhúsinu og Hljómskálagarðinum og vonandi næ ég að fá einhvern vegfaranda þar til að tala við mig. Þetta verður tekið á tímabilinu 14:00-15:00. Skotið af vegfarandanum er númer **8**.
- **Skot 9.** Ég sé fyrir mér að mynda á Lækjargötunni við hús Menntaskólans og í áttina að Hörpu og taka einhvern vegfaranda þar tali. Þetta verður tekið á tímabilinu 15:00-16:00. Skotið af vegfarandanum er númer **10**.
- **Skot 11.** Þetta skot verður af Arnarhóli og tekið í áttina að Hörpu og höfninni og vonandi verður einhver á vegi mínum þar sem ég gæti lagt nokkrar spurningar fyrir. Sólarlag í Reykjavík í þessari viku er á tímabilinu frá klukkan 16:33 til klukkan 16:51 og því mun ég reyna að ná sólarlaginu í þessari töku og mynda í vesturátt. Þetta verður tekið á tímabilinu 16:00-17:00. Skotið af vegfarandanum er númer **12**.

Skot 13. Þegar sólin hefur hnigið til viðar, verður tekin mynd af hljóðfæraleikara sem leikur lítið stef. Stefnt er að því að taka þetta skot á Arnarhóli klukkan 17:00 til 17:30. Ef hljóðfæraleikari fæst til að mæta á Arnarhól þá breytist tökuplanið, en það er ekki ljóst ennþá.

Skot 14. Þetta skot verður af ljóðskáldi sem fer með ljóð sem tengist borginni. Skotið verður tekið undir berum himni á þeim stað sem þetta ljóðskáld mun velja sér í borginni. Stemningin í þessu ljóði fellur vel að húminu og því mun þessi taka hefjast eftir að birtu tekur að bregða og hefjast klukkan 17:30 og standa til 18:30.

Skot 15. Ljóðskáldunum og hljóðfæraleikurunum boðið *út að borða* á „Bæjarins bestu“ og myndavélinni beint að þeim gæða sér á veitingunum. Þessi taka verður stundvíslega klukkan 19:00.

Skot 16. Eftir langan og strangan dag verður myndavélinni beint að mér og ég dreg saman það sem á daginn hefur drifið í nokkrum orðum. Þessi taka verður um kvöldið og birtan frá ljósastaur í Hamrahverfinu notuð. Þessi taka fer fram klukkan 20:30-21:00.

Skot 17. Örpreyttur kvikmyndahöfundur labbar eftir göngustíg í Hamrahverfinu. Myndavélin höfð á föstum stað og baksvipurinn myndaður og þar sést höfundur fjarlægjast og að lokum labba út úr mynd.

Köttur úti í mýri

setti uppá sér stýri

og úti er ævintýri

Reykjavík 3. nóvember 2016

Sigurlaug Kristmannsdóttir